


„Það er kannske erfitt að skapa góða list ef listamenn eru mjög mikið út á við; umgangast mjög margt fólk og taka mikið þátt í samfélaginu."
DV-mynd Sv. Þ.

Listamanni stafar hætta af hringiðu lífsgæðakapphlaupsins

— segir Vilhjálmur Bergsson

„Jafnframt menntaskólanámi var ég í Myndlista- og handíðaskólanum, en ég hef teiknað frá því að ég man eftir mér," sagði Vilhjálmur Bergsson myndlistarmaður sem um þessar mundir sýnir á Kjarvalstöðum. „Að stúdenstprófi loknu fór ég til Kaupmannahafnar. Var þar við myndlistarnám í tvö ár — og önnur tvö ár í París. Síðan var ég mikið í Danmörku og Frakklandi og eitt ár á Spáni. Undanfarin fjögur ár hef ég svo verið á Íslandi.

Myndir mínar hér nefni ég Lífrænar víddir. Áður hef ég notað nafnið Samlífrænar víddir, en fólki gekk mjög erfiðlega að skilja það. Þetta orð var því svo framandi. Meiningin hjá mér var sú að þessi form og litir hjá mér geta verið abstrakt, súrrealístísk eða fígúratív og rými myndanna getur verið ýmist hlutlægt eða huglægt. Mér þótti engin ástæða vera til þess að gera þar greinarmun á — tala um himingeim, hafdjúp eða huglægar víddir — eða líffræðilegar víddir.

Ég held að í myndum mínum gæti áhrifa úr ýmsum áttum, kannske ekki síst úr bókmenntum. Það er ekki hægt að benda á mynd eftir mig og segja hún er akkúrat þetta. Ég tel, tvímælalaust, að í myndum mínum séu sterk tengsl við raunveruleikann og samtímis eru þær huglægar.

Birtan er góð . . .

Hvernig finnst svo Vilhjálmi að starfa sem listamaður á Íslandi; hér í okkar litla þjóðfélagi?

„Ja, birtan er góð. . . og almenningur hér hefur talsverðan áhuga á list en opinberir aðilar eru mjög sljóir. Almenningur er miklu opnari, miklu hreinni og beinni, en hér á þessu litla landi er klíkuskapurinn ákaflega áberandi. Þess gætir þó ekki hjá almenningi. Þar er það ekki fyrir hendi. Og ég held að hinn almenni Íslendingur hafi mun meiri áhuga á listum en hinn almenni Þjóðverji eða Frakki, svo ég nefni einhver dæmi.

Fólk hér hefur þó ekki aðgang að góðum söfnum og það hefur auðvitað sitt að segja. Þess vegna er hér ekki mikið um háþróaðan smekk. Það, að meta myndlist, er nefnilega líka þjálfunaratriði. Slíkt ætti tvímælalaust að vera hluti af námi. Hér hefur hið opinbera líka illa brugðist skyldu sinni. Til dæmis hefur listasaga ekki verið kennd fyrr en nú á síðustu árum eitthvað smávegis í menntaskólum.

Listfræðsla í grunnskólum hefur líka almennt verið mjög léleg. Þar á auðvitað að byrja; fara með börnin á sýningar, láta þau hitta listamennina, og svo framvegis.

„Færibandastörf" til óþurftar

Annars er þjóðfélagið orðið þannig í dag að það er eins og fólk hafi þurft að koma sér upp nokkurs konar varnarkerfi. Fjöldinn allur vinnur við það sem kalla mætti „færibandastörf"; þessi hröðu störf. Þau verka ekki þróandi á næmi, viðkvæmar tilfinningar og samviskusemi. Enda gæti þetta fólk alls ekki unnið þessi störf ef það væri þannig gert. Ég hef einmitt verið að hugsa um að þetta er auðvitað í hróplegu andstöðu við listina og alla listsköpun. Listamaðurinn þarf að vera bæði vandvirkur og næmur.

Það er kannske erfitt að skapa góða list ef listamenn eru mjög mikið út á við; umgangast mjög margt fólk og taka mikið þátt í samfélaginu. Ég er efins um að slíkt verki hvetjandi á góða listsköpun. Ýmsir miklir listamenn hafa ekki átt samleið með þjóðfélaginu og hafa þurft að vera mikið einir. Þeir menn hafa getað einbeitt sér mjög mikið og ræktað vel hug sinn. Og þjóðfélagið, sem þeir ekki áttu samleið með, hefur síðan auðvitað hvorki skilið þá né verk þeirra.

Ekki sama hvaða áhrifum listamaður verður fyrir

Góður listamaður getur samt aldrei verið í glerbúri, en það er ekki sama hvaða áhrifum hann verður fyrir. Góðir listamenn eru venjulega næmir og viðkvæmir. Því stafar þeim hætta af að lenda í hringiðu lífsgæðakapphlaupsins. Og því miður held ég að listin og þjóðfélagið séu stöðugt að fjarlægjast hvort annað. Næmleikinn og samviskan slævast í þessari hringiðu.

Það er þó svo skrýtið að það er eins og fólk eiginlega vilji hafa þetta svona; stefni að þessu. Víða hefur þannig verið byggt ómanneskjulegt umhverfi. Nú er verið að reyna að brjótast út úr þessu. En hvað á að gera? Á að brjóta niður öll þessi ljótu og mannskemmandi hús? Á að sprengja þessi bákn í loft upp eða hvað? Hver hefur efni á því? — Höfum við samt efni á að láta þau standa og halda eyðileggingunni áfram? Fyrst mótar fólkið umhverfið og síðan mótar nefnilega umhverfið fólkið."

Skortur á þjálfun og ögun

Finnst Vilhjálmi nægar kröfur vera gerðar til íslenskra listamanna? Eða fá nýju fötin keisarans of oft að fljóta með?

„Þarna komum við raunar að þessu, sem ég var að tala um áðan, í sambandi við almenning og þjálfun. Hér er alls ekki nægilega mikið aðhald. Hér eru raunverulega tveir heimar: Almenningur, hans smekkur og það sem hann vill fá — og svo er það „hið opinbera". „Hið opinbera" stendur sig engan veginn. Til dæmis eru gagnrýnendurnir hvorki markvissir né nægilega góðir, finnst mér. Þess vegna ræður í raun og veru almenningur ferðinni hér og án þess að hafa hlotið tilsögn og uppfræðslu.

Íslendingar hafa mjög ríka þörf fyrir að njóta, og jafnvel fyrir að tjá sig, en skortir bæði þjálfun og ekki síst ögun. Hvernig ætti þetta líka öðruvísi að vera þegar hvorki skólakerfið né gagnrýnin ýta undir endurbætur í þessum efnum?"

-FG.

SJÁLFSTÆÐISMENN!

Munið landssöfnunina

VINSAMLEGA GREIÐIÐ GÍRÓSEÐILINN SEM FYRST.